



Kópavogur, 2. nóvember 2020

EFNI: Ósk um fjárstuðning við Fjölsmiðjuna vegna áhrifa COVID19

Fjölsmiðjan, verkþjálfunar, framleiðslu- og fræðslusetur á höfuðborgarsvæðinu hefur verið starfsrækt frá árinu 2001 og á starfsemin sér 19 ára farsæla sögu sem hefur þróast í takt við þörfina í samfélaginu hverju sinni.

Markhópur Fjölsmiðjunnar eru einstaklingar á aldrinum 16 – 24 ára. Starfsemin er virkni-, endurhæfingar- og námsúrræði þar sem ungu fólki á krossgötum gefst tækifæri til að eflast í lífi og starfi og er virkjað til þátttöku.

Úrræði Fjölsmiðjunnar er það eina sinnar tegundar á Íslandi. Þar sem blandað er saman vinnu og virkni í deildum Fjölsmiðjunnar ásamt námi, sköpun, lífsleikni, ýmis konar fræðslu og mögulegri hreyfingu. Starfsemin byggir á sex deildum; veitingadeild, trésmíðadeild, bíladeild, handverks- og pökkunardeild, tækni- og tölvudeild ásamt fræðsludeild.

Þessi misserin eru tæplega 70 einstaklingar á skrá hjá Fjölsmiðjunni og eru um 70% þeirra nokkuð virkir. Eftirspurnin hefur aukist að undanförmu en regluleg endurnýjun á sér stað í hópnun yfir árið. Hópurinn hefur um það bil tvöfaldast á undanförmum tveimur árum. Að auki hafa komið inn hópar frá Vinnumálastofnun með reglulegu millibili flestir af erlendum uppruna sem hafa meðal annars fengið íslenskukennslu í Fjölsmiðjunni samhliða vinnu.

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun og er rekin með um 75% fjármögnun frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, Menntamálaráðuneytinu og Vinnumálastofnun. Um 25% fjármögnunar er sjálfsaflafé sem aflað er með sölu á varningi og þjónustu sem unnin er í ólíkum deildum Fjölsmiðjunnar. Það verður að viðurkennast að reksturinn hefur verið allþungur í lengri tíma og nú hafa ytri aðstæður þrengt stakinn enn frekar og því bendir allt til halla í rekstri í lok árs 2020.

Meginskýringin liggur í samdrætti á seldri þjónustu Fjölsmiðjunnar vegna COVID19 en samdráttur í atvinnulífinu hefur bein áhrif á reksturinn. Stærsta einstaka framlegðartapið liggur í hagræðingaraðgerðum Sorpu sem þýðir um 6,6 m.kr tap á heilu ári eða um 30% af heildar eigin framlegð Fjölsmiðjunnar.

Aðgerðir til að draga úr kostnaði og fjölgun fjármögnunarleiða

Lagst hefur verið í fjölda aðgerða til að draga úr kostnaði en samhliða því sótt fram, meðal annars með því að auka vægi kennslunnar í starfseminni og leita að nýjum fjármögnunarleiðum.

Hér eru örfá dæmi um aðgerðir sem gripið hefur verið til:

- Þann 7. september sl. hlaut Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu viðurkenningu sem framhaldsfræðsluaðili frá Menntamálastofnun. Nú geta því ungmenni sem koma til starfa hjá Fjölsmiðjunni í gegnum velferðarsvið sveitarfélaganna sótt einingabært nám samhliða störfum hjá Fjölsmiðjunni. Samstarfsskólarnir eru Borgarholtsskóli, Fjölbrautarskólinn við Ármúla, Fjölbrautarskólinn í Breiðholti og Tækniskólinn.
- Ákveðið var að bíða með ráðningu fyrstu 7 mánuði ársins 2020 og því var Fjölsmiðjan ekki fullmönnuð þá mánuði.
- Hlutabótaleiðin var nýtt í apríl og laun starfsfólks lækkuð tímabundið.
- Veitingadeild Fjölsmiðjunnar seldi matarbakka út úr húsi vegna lokunar á mötuneyti veitingadeildarinnar.
- Trébrettaframleiðsla var hafin á árinu til að auka tekjur.

- Tæknideild Fjölsmiðjunnar var endurskipulögð með hagræðingarmarkmið að leiðarljósi. Hafinn var útflutningur á borðtölvum en 100 tölvur voru seldar til Hollands til endurnýtingar sem gaf hærri tekjur en annars.
- Þá fékkst 500 þúsund króna styrkur til umhverfispróunarverkefnis í tæknideildinni.
- Memaxi er rafrænt skráningarkerfi sem var tekið í notkun á árinu. Kerfið heldur utan um framför, ástundun og líðan nema. Kerfið mun verða aðgengilegt ráðgjöfum hjá sveitarfélögum og ætti því einnig að leiða til sparnaðar þar.
- Markvisst hefur verið leitað nýrra viðskiptatækifæra sem hefur borið árangur og eru Ölgerðin og Hringrás á meðal nýrra viðskiptavina Fjölsmiðjunnar auk fleiri sem aflað hefur verið á árinu.

Ósk um viðbótarframlag

Ljóst er að til að Fjölsmiðjan geti staðið við allar skuldbindingar og leiðrétt laun starfsfólks sem tók á sig launalækkun á fyrsta ársþriðjungi þá er þörf á um tíu milljón króna viðbótarframlagi á árinu 2020. Auk þess hefur álag á starfsmenn og nema aukist mjög á tímum COVID19 og verkefnin ennþá meira krefjandi. Eins og sést hér fyrir neðan þá hafa heildarframlögin síðustu ár ekki hækkað í takti við almennar vísitölhækkkanir og kostnað undanfarin ár.

Framlög Fjölsmiðjunnar frá 2016- 2020.			2016	2017	2018	2019	2020		
Framlög vegna rekstrar	M.kr.		67,6	64	76	78	79,5		
Framlög vegna húsaleigu	M.kr.		38,5	39,5	40	40	40,6		
VIRK o.fl.	M.kr.		4	8,2	6,4	2	0		
			110,1	111,7	122,4	120	120,1	M.kr.	
Seld þjónusta Fjölsmiðjunnar	M.kr.		31,6	34	38,5	39	22	Jan - ágúst 2020.	

Fórst framlög 2020	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des	
Atv.l.tr.sjóður	10.000.000	10.000.000	4.036.054	4.036.054	4.036.054	4.036.054	4.036.054	4.036.054	4.036.054	4.036.054	4.036.054	4.036.054	60.360.540
Sveitaf.v/rekst.		11.000.000											11.000.000
Sveitaf.v/húsal.	3.968.546			3.968.546			3.968.546			3.968.546			15.874.184
Menntamálaráðuneyti			16.500.000					16.500.000					33.000.000
										Framlög alls 2020			120.234.724

Þörfin til lengri tíma

Miðað við þann markhóp sem nú sækist eftir að komast að hjá Fjölsmiðjunni þá þarf fleira fagmenntað starfsfólk, meðal annars með sérhæfingu á sviði uppeldis- og menntunar. Þá er mikilvægt að Fjölsmiðjan hafi greiðari aðgang að sérþekkingu til að takast á við kvíða, depurð, þunglyndi og svefnleysi hópsins.

Við höfum stóreflt fræðsludeildina okkar og bjóðum upp á aukin tækifæri fyrir nema til náms utan Fjölsmiðjunnar sem getur verið stór áfangi og stökk inn í frekara nám og störf á almennum vinnumarkaði sem ber að fagna. En um leið er stórauðinn áhugi á fræðsludeildinni og færri komast að en vilja. Okkur ber að bjóða nemum upp á nám í þeim greinum sem tiltekna eru í samningi við Menntamálastofnun. Nú eru 18 nemar skráðir í nám samhliða starfi hjá Fjölsmiðjunni því eru um 30% nema skráðir í einhvers konar nám ýmist í fjar- eða staðnám og þar af er einn í háskólanámi.

Til þess að geta uppfyllt okkar hlið samningsins og mætt aukinni eftirspurn, þá þurfum við að bæta við 80% stöðuhlutfalli kennara sem fyrst og eigi síðar en 1. janúar nk. þessi staða myndi

nýtast fyrst og fremst í fræðsludeild en einnig í öðrum deildum. Þá gerum við ráð fyrir enn frekari eftirspurn á næstu misserum ekki síst þegar við förum að sjá langtímaafleiðingar COVID19. Við teljum gríðarlega mikilvægt að mæta þeirri eftirspurn eins og hægt er til að tryggja endurhæfingu og virkni ungs fólks í samfélaginu sem þarf á sérstökum stuðningi að halda.

Til að standast sett viðmið um lágmarkskröfur um viðunandi vinnuaðstöðu í starfsemi fræðsludeilda þá liggur fyrir að ráðast þarf í kaup á ýmsum búnaði og innanstokksmunum.

Að ofangreindu rituðu er hér með óskað eftir að komið verði til móts við þessa auknu fjárþörf Fjölsmiðjunnar þannig að ungt fólk, sem á þarf að halda, njóti áfram stuðnings til virkni í samfélaginu ýmist til náms eða starfa með aðstoð Fjölsmiðjunnar.

Er þess hér með farið á leit við hlutaðeigandi bakhjarla Fjölsmiðjunnar að þeir leggist á eitt með okkur til að tryggja mikilvægt samfélagshlutverk og rekstur Fjölsmiðjunnar sökum samdráttar í rekstri meðal annars vegna alheimsfaraldursins COVID19.

Hér gefur að líta tillögu stjórnar Fjölsmiðjunnar um ósk um 10 m.kr. lágmarks fjárhagsstuðning við Fjölsmiðjuna fyrir árslok 2020. Tillagan að skiptingu byggist á hlutfallslegri fjármögnun á árinu 2020 og íbúafjölda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysistryggingasjóður kr. 5.000.000.-

Menntamálaráðuneytið kr. 2.750.000.-

Reykjavíkurborg kr. 1.300.000.-

Kópavogsbær kr. 350.000.-

Hafnarfjarðarbær kr. 300.000.-

Garðabær kr. 150.000.-

Mosfellsbær kr. 100.000.-

Seltjarnarnesbær kr. 50.000.-

Með von um góðar undirtektir

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar Fjölsmiðjunnar

*Ellen Calmon
Formaður stjórnar*

*Sturlaugur Sturlaugsson
Forstöðumaður*

Samrit: Atvinnuleysistryggingasjóður, menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær.

Nánari upplýsingar um Fjölsmiðjuna er að finna á heimasíðunni www.fjolsmidjan.is